

A 1849/tillväxt

Flytjandi	Flokkahópur miðjumanna
Afgreiðsla	Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin

Þingmannatillaga um endurskoðun á kennitölum á Norðurlöndum**Tillaga**

Flokkahópur miðjumanna leggur til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til ríkisstjórna á Norðurlöndum um

að þær hafi samráð um stöðuna og endurskoðunina á kennitölukerfum norrænu landanna

að þær búi svo um hnútana að nýju kennitölukerfin reisi ekki nýjar skorður við gagnkvæmri viðurkenningu á norrænum kennitölum eða innleiðingu á norrænu kennitölukerfi

að þær meti möguleika á að taka upp samnorræna kennitölu þegar fram í sækir

Bakgrunnur

Bæði í Finnlandi og Noregi eru uppi áform um að breyta gildandi kennitölukerfum. Helsta ástæðan er sú að fjöldi nýrra kennitalna í núverandi kerfi er takmarkaður. Jafnframt vilja menn gera aðrar endurbætur svo að þær endurspegli til dæmis hvorki kyn né aldur.

Í Finnlandi áttu breytingarnar að taka gildi árið 2027, í Noregi 2032.

Í Noregi var ráðist í umfangsmikið umsagnarferli árið 2017 meðal þarlanda stofnana. Einn af umsagnaraðilunum var Norræna félagið í Noregi. Samkvæmt umsögn þess á nýtt persónuauðkenniskerfi í Noregi að fara lipurlega saman við kerfi annarra norrænna landa. Til þess er vísað að framangreind skuldbinding eigi rætur að rekja til Helsingforssamningsins. Auk þess telur Norræna félagið að nýtt norskt kerfi eigi að búa í haginn fyrir samnorrænt kennitölukerfi í framtíðinni. Aftur á móti vísar enginn þeirra fjögurra valkosta sem norsk skattyfirvöld benda á til samræmingarinnar milli norrænu landanna.

Á Íslandi bera kennitölur ekki með sér kyn viðkomandi og þannig hefur það verið lengi. Íslendingar eiga á hinn bóginn við sama vanda að glíma og aðrar norrænar þjóðir hvað það varðar að fjöldi nýrra kennitalna er takmarkaður í því kerfi sem er í notkun.



Enn hafa hvorki Danir né Svíar ákveðið að ráðast í verulegar endurbætur á kennitölum eins og Norðmenn og Finnar.

Flokkahópur miðjumanna telur að núverandi kerfi, sem gerir ekki ráð fyrir samræmingu á norrænum kennitölum, sói tíma og takmarki hreyfanleika milli norrænu landanna. Enn fremur að það torveldi notkun á rafrænni þjónustu milli landa þar sem opinberir þjónustuveitendur miði kerfi sín fyrst og fremst við innlend persónuauðkenni (kennitölur). Þetta sé stærra mál sem einnig þurfi að taka fyrir.

Flokkahópur miðjumanna telur öllu skipta við endurskoðun kennitölukerfa að ekki verði reistar nýjar skorður við samnorrænu kennitölukerfi eða gagnkvæmri viðurkenningu landanna á kennitölum hvert annars. Nýju kerfin í Finnlandi og Noregi eigi að vera skref í átt að norrænu kerfi í framtíðinni - en ekki öfugt.

Rafrænum flokkahópsfundi, Rovaniemi, hinn 14. september 2020

Anders Eriksson (ÅF)

Anna Kolbrún Árnadóttir (Mifl)

Arman Teimouri (L)

Bertel Haarder (V)

Heidi Greni (Sp)

Janine Alm Ericsson (MP)

Jaspur Langgaard (sb)

Joakim Strand (sv)

Jouni Ovaska (cent)

Ketil Kjenseth (V)

Kjell-Arne Ottosson (KD)

Linda Modig (C)

Magnus Ek (C)

Magnus Jacobsson (KD)

Mikko Kinnunen (cent)

Mikko Kärnä (cent)

Outi Alanko-Kahiluoto (grænum)

Pirkka-Pekka Petelius (grænum)

Silja Dögg Gunnarsdóttir (Frfl)

Simon Holmström (HI)

Tore Storehaug (KrF)